



Heiðarskóli — Fréttabréf

Desember 2009

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri



SpKef  
Sparisjóðurinn í Keflavík

## Þemaverkefni um rafmagn og orku

Nemendur í 10. bekk unnu þemaverkefni um rafmagn og orku. Þeir áttu að vinna heimildaritgerð um rafmagn og virkjanir. Hver hópur fékk úthlutað einum orkugjafa sem hann átti að skrifa um. Nemendur fóru einnig í Orkuleikinn sem er á vef Landsvirkjunar og áttu að hanna virkjun með sínum orkugjafa. Nemendurnir voru einstaklega hugmyndaríkir og skapandi og ótrúlega skemmtilegt að sjá hvernig hóparnir útfærðu virkjanir sínar á mismunandi hátt. Virkjanirnar þeirra voru til sýnis á göngum skólans, yngri nemendum og starfsfólki til ánægju og gleði.



## Skáld í Reykjanesbæ

Í nóvember unnu nemendur Heiðarskóla verkefni sem nefnist Skáld í Reykjanesbæ fyrr og nú.

Markmið verkefnisins var að auka áhuga nemenda á bókalestri en jafnframt að nemendur kynntust skáldum sem höfðu fæðst eða búið í Reykjanesbæ um lengri eða skemmri tíma.

Í tengslum við verkefnið komu skáldin, Kikka, Guðni Kolbeinsson og Úlfar Þormóðsson í heimsókn í skólann og kynntu sig og verk sín.

Vikuna 16. – 20. nóvember komu svo allir bekkir á sal og fluttu fjölbreytta dagskrá um þá höfunda sem þeir höfðu kynnt sér. Meðal annars kynntu nokkrir sér verk Hallgríms Péturssonar og voru Heilræðavísur hans fluttar á margvíslegan hátt t.d. rappaðar og sungnar við lag Michael Jackson. Verk Kikku fengu góða umfjöllun og nemendur sungu lög úr Ávaxtakörfunni og léku atriði úr Didda og dauði kötturinn. Nokkrir hópar kynntu sér rithöfundinn Bryndísi Jónu og gerðu m.a. myndband með viðtali við hana. Guðni Kolbeinsson og bók hans Mömmustrákur fékk umfjöllun og ljóð Sveinbjarnar Egilssonar voru flutt svo fátt eitt sé nefnt.



## Góðir gestir á aðventunni

Í desember er lesið fyrir nemendur skólans og góðir gestir koma í heimsókn. Nemendur á elsta stigi hlýddu á Þorgrím Þráinsson lesa úr nýjustu bók sinni en yngri nemendur fengu fjölmarga góða gesti í heimsókn.



## Ingó í 5. bekk

Ingó úr Veðurguðunum heimsótti nemendur í 5. bekk ásamt fulltrúum frá foreldrafélagi skólans. Ingó söng tvö lög fyrir krakkana sem tóku vel undir. Þá dreifði hann til þeirra bæklingi um einelti. Fleiri myndir eru í myndasafni skólans.



## Skemmtileg heimsókn

Nemendur í valgreininni uppeldi og menntun klæddu sig upp sem gamaldags jólasveina í byrjun desember. Jólasveinarnir heimsóttu nemendur í 1. og 2. bekk og lásu fyrir þá jólasveinavísur.



## Jólafondur foreldrafélagsins

Nemendur og foreldrar í Heiðarskóla komu saman laugardaginn 28. nóvember og fönndruðu saman fyrir jólin. Nemendur í 10. bekk seldu vöflur og súkkulaði þennan skemmtilega dag.



## Hreystikeppni Heiðarskóla

Fimmtudaginn 25. nóvember var haldin Hreystikeppni Heiðarskóla. Keppnin er fyrir nemendur í 9. og 10. bekk og er undankeppni fyrir Skólahreysti sem fram fer í febrúar. Stúlkur kepptu í armbeygjum og fitnessgreip, drengir kepptu í upphífingum og dýfum. Bæði kyn gátu síðan reynt sig við hraðabraut. Dómarar voru Jakob Már Jónharðsson og Ásdís Þorgilsdóttir sem bæði hafa keppt í Icefitness.

Krakkarnir sem kepptu stóðu sig mjög vel. Í hraðabrautinni voru með besta tímum Unnar Már Unnarsson og Arndís Snjólaug Ingvarsdóttir. Í upphífingum og dýfum sigraði Unnar Már Unnarsson og í armbeygjum og fitnessgreip vann Lilja Ingimarsdóttir.



Fulltrúar Heiðarskóla í Skólahreysti verða Kristófer Sigurðsson sem varð í öðru sæti í hraðabrautinni, Lilja Ingimarsdóttir, Unnar Már Unnarsson og Arndís Snjólaug Ingvarsdóttir.



## Góður árangur nemenda Heiðarskóla í samræmdum prófum

Nú höfum við fengið niðurstöður samræmdra prófa, sem nemendur í 4., 7. og 10. bekk tóku um miðjan september síðast liðinn. Prófað var í íslensku og stærðfræði, auk þess sem 10. bekkingar tóku próf í ensku.

Meðaltal 4. bekkinga Heiðarskóla í íslensku var 6,2 sem er 0,2 yfir landsmeðaltali. Í stærðfræði voru þeir með 6,7 sem er 0,6 yfir landsmeðaltali.

Meðaltal 7. bekkinga í íslensku var 6,2 sem er 0,2 undir landsmeðaltali, en í stærðfræði var 7. bekkur með 7,2 sem er 0,4 yfir landsmeðaltali.

Meðaltal 10. bekkinga í íslensku var 6,4 sem er 0,6 yfir landsmeðaltali. Í stærðfræði voru þeir með 6,9 sem er 1,6 yfir landsmeðaltal og í enskunnni var meðaltal þeirra 7,2 sem er 0,5 yfir landsmeðaltal.

Af þessu sést að nemendur Heiðarskóla eru að standa sig mjög vel og í sumum tilfellum hreint frábærlega, eins og í stærðfræði í 10. bekk. Þrátt fyrir þennan góða árangur nemenda skólans erum við þessa dagana að fara yfir niðurstöður prófanna, með það að markmiði að bæta enn frekar kennsluna og skólustarfið.



Líkan af orkuveri frá nemendum í 10. bekk.

# JÓLASKEMMTANIR OG STOFUJÓL

Föstudaginn 18. desember verða hin árlegu „Litlu jól“ í skólanum. Ráðgert er að þau taki um eina og hálfu klukkustund hjá hverjum bekk fyrir sig. Eins og venjulega verður jólaguðspjallið flutt af nemendum 7. bekkja. Þá verða sungin jólalög og dansað í kringum jólatréð. Síðan fer hver bekkur til sinnar stofu og heldur stofujól með umsjónarkennara sínum. Nemendur eiga að mæta samkvæmt skipulagi hér til hliðar til umsjónarkennara.

kl. 08.30–10.00      kl. 10.00–11.30      kl. 11.30–13.00

1. HH	1. EÓ	2. GP
2. IP	2. AJ	3. KG
4. KJ	4. SG	5. HN
5. SJ	6. US	6. SH
6. HT	8. HE	7. BJ
8. EP	9. ÞG	7. EA
9. MÓ	10. MJ	9. AÓ
		10. RR

## 4. bekkur skreytir jólatré

Nemendum í 4. bekk fengu það verkefni að skreyta jólatré á Hafnargötunni. Tréð stendur fyrir framan Hótel Keili.

Nemendur skreyttu tréð með jólaskrauti sem þeir útbjuggu úr töppum, vír og glerkúlum. Krakkarnir heimsóttu síðan skessuna í hellinn og þáðu hjá henni smákökur og kakó.



## Súkkulaði og piparkökur

Sú hefð, að gefa nemendum heitt súkkulaði og piparkökur á aðventunni, hefur verið við líði til margra ára í Heiðarskóla.

Þetta árið var ákveðið að sleppa því að kaupa piparkökurnar úti í búð og í staðinn bökuðu nokkrir nemendahópar piparkökurnar í heimilisfræði fyrir okkur öll. Þetta mæltist vel fyrir og höfðu bæði nemendur og starfsfólk orð á því að nú væru piparkökurnar miklu betri en áður. Það er því nokkuð víst að við höfum þennan háttinn á í framtíðinni.



## Jólafrí

Jólafrí nemenda hefst mánudaginn 21. desember. Skólastarf hefst aftur mánudaginn 4. janúar 2010 samkvæmt stundaskrá. Starfsmenn Heiðarskóla óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.